

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 21. fundur.

að Hlíðavegi 6, 7. júní 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur 2006, fyrri umræða endurskoðandi mætir til fundarins.
3. Samningur við Vinnumálastofnun v/þjónustu við atvinnuleitendur.
4. Uppsagnarbréf.
5. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 22. maí.
6. Fundargerð Íþróttá og æskulýðsnefndar frá 23. maí.
7. Fundargerð Byggingarnefndar frá 24. maí.
8. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra 8. júní.
9. Bréf frá landeigendum í Vogum dags. 25. maí v/lagfæringar á vegi í Lúdent.
10. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 15. júní.
11. Bréf frá UST dags. 30. maí, álit v/breytinga á aðalskipulagi við Geiteyjarströnd 1.
12. Bréf frá UST dags. 30. maí, umsögn v/aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulags við Dimmuborgir.

Til kynningar:

Fundargerð Heilbrigðisnefndar NE dags. 4. maí.
Fundargerð samstarfsnefndar um sameiningju sveitarfélaga dags. 14. maí.
Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga dags. 14. maí.
Bréf frá Heilbrigðisst. Þingeyinga dags. 16. maí.
Yfirlýsing frá landeigendum Grímsstaða v/ljósleiðaralagnar.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Ársreikningur 2006, fyrri umræða endurskoðandi mætir til fundarins.

Jón Ari Stefánsson frá KPMG endurskoðun fór yfir reikninginn og svaraði spurningum sem til hans var beint. Einnig sátu fundinn undir þessum lið skoðunarmenn ársreiknings, þeir Ellert Finnbogason og Gísli Árnason. Að loknum umræðum var reikningnum vísað til annarar umræðu.

3. Samningur við Vinnumálastofnun v/þjónustu við atvinnuleitendur.

Fyrir fundinum liggur nýr samningur við Vinnumálastofnun um að Vinnumálastofnun og Skútustaðahreppur hafi með sér samvinnu um skráningu og þjónustu við atvinnuleitendur í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

4. Uppsagnarbréf.

Borist hefur uppsagnarbréf frá Valmari Valjaots, þar sem hann segir stöðu sinni sem skólastjóri Tónlistarskólans lausri. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að auglýsa starfið.

5. Fundargerð Umhverfisnefndar frá 22. maí.

Fyrsti og annar liður fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Þriðja lið fundargerðarinnar er laut að tillögu nefndarinnar um að gert yrði átak í hreinsunarmálum í sveitinni fyrir 17. júní hafði sveitarstjórn áður samþykkt, með tölvupóstsamskiptum. Með fjórða lið fundargerðarinnar er fylgiskjal sem lýsir tillögum nefndarinnar að ýmsum úrbótum er lúta að lagfæringum og merkingum á göngustígum, ruslahreinsun, salernisaðstöðu, langtímabílastæðum og lokuðum portum eða skjólgirðingum við stærri fyrirtæki og hjá einstaklingum með vinnuvélar og stór atvinnutæki. Allt eru þetta mjög þarfar og brýnar ábendingar. Fleiri góðar tillögur er að finna í fylgiskjalinu með fjórða lið fundargerðarinnar sem útfæra þarf betur í umhverfisstefnu sveitarfélagsins. Umhverfisnefnd vill minna á þann mikla vágast í íslenskrí náttúru sem er skógarkerfill, en hann hefur þann eiginleika að vaða yfir gróin svæði og útrýmir þar öðrum gróðri. Nefndin leggur til að allri plöntun barrtrjáa og annara innfluttra tegunda trjáa verði bönnuð nema á þar til gerðum svæðum (fyrir utan heimagarða) og bendir á þann lund sem þegar hefur verið plantað í austan við grunnskólann. Undir þetta getur sveitarstjórn ekki tekið þar sem umrætt svæði er ekki á forræði sveitarfélagsins og því getur það ekki heimilað plöntun á því svæði. Að öðru leiti gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við fundargerðina.

6. Fundargerð Íþróttá og æskulýðsnefndar frá 23. maí.

Í fyrsta lið fundargerðarinnar kemur fram að forstöðumaður Íþróttamannvirkja hafi farið yfir stöðu mála í sundlauginni þ.e. starfsmannamál, ástand tækja og bygginga. Fram kemur að enn vanti starfsfólk fyrir sumarið. Nýr dúkur verður settur í annann pottinn í sumar, hinn bíður næsta vors. Ekkert stórt viðhaldsmál er fyrirsjáanlegt á næstunni en brýnt að ganga frá utan húss. Í

öðrum og þriðja lið fundargerðarinnar leggur Íþrótt og æskulýðsnefnd áherslu á að hraðað verði vinnu við gerð sparkvallar og áfram verði haldið vinnu við viðhald og frágang grasvallar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

7. Fundargerð Byggingarnefndar frá 24. maí.

Liður 3, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir nýju anddyri á Jónshúsi við Kröflu, liður 7, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir sólstofu við frístundahús í Reykjahlíð, liður 8 og 9, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús í landi Bjarkar, liður 14, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir frístundahús á lóð nr. 4 við Birkiland, Vogum 3, liður 15 þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir tvær húseiningar á lóð Voga ferðaþjónustu ehf., liður 17, þar sem óskað er eftir leyfi til breytinga á verkstæðishúsi Malarvinnslunnar að Múlavegi 1, liður 18, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir íbúðarhús að Múlavegi 9, eiga við um Skútustaðahrepp.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu byggingarnefndar. Hins vegar harnar sveitarstjórn þau stóryrði sem fram koma í bókun byggingarnefndar undir lið 15. að húsakynni Voga ferðaþjónustu séu vart mönnum bjóðandi. Bókunina má skilja með þeim hætti að þar sé átt við allt húsnæði þess fyrirtækis sem um ræðir en ekki þær tvær húseiningar sem verið er að fjalla um á fundi 24. maí.. Sveitarstjórn hvetur byggingarnefnd til að gæta hófs í orðavali.

Sveitarstjórn vill áréttta að hún hefur ákveðið að taka þá stefnu að takmarka útgáfu stöðuleyfa fyrir húsnæði sem er komið til að vera. Í stað stöðuleyfa komi byggingarleyfi á grundvelli deiliskipulags eða þriðja tölulið í ákvæðum til bráðabirgða í Skipulags- og byggingalögum verði beitt. Þeim aðilum sem eiga húsnæði sem eru á stöðuleyfi verður sent bréf þar að lútandi á næstunni.

8. Fulltrúi á aðalfund Dvalarheimilis aldraðra 8. júní.

Fulltrúi Skútustaðahrepps á aðalfund Dvalarheimilisins er Dagbjört Bjarnadóttir.

9. Bréf frá landeigendum í Vogum dags. 25. maí v/lagfæringar á vegi í Lúdent.

Forsaga málsins er að árið 2005 var sveitarstjórn veittur styrkur kr. 500.000,- til lagfæringa á veginum frá Hverfjallsvegi og suður með Lúdentaborgum, verkið var boðið út og tilboði Þórhalls Kristjánssonar tekið. Landeigendum Voga, Geiteyjarstrandar og Kálfastrandar var skrifað bréf og óskað eftir athugasemdum við fyrirhugaðar lagfæringar. Tvær athugasemdir bárust frá landeigendum í Vogum og framkvæmdinni því slegið á frest.

Nú hefur borist bréf frá meirihluta landeigenda í Vogum þar sem segir að fyrir dyrum standi í samvinnu við Landgærðslu ríkisins að fara í landbótavinnu í Lúdent, innan og utan girðingar. Hvatt er til þess að styrkurinn verði nýttur og gengið verði til samninga við þann aðila sem lægstur var í útboðinu svo hægt verði að lagfæra veginn í sumar eða haust.

Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

Kristján tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

10. Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga 15. júní.

Fulltrúi á aðalfund Atvinnuþróunarfélagsins er Dagbjört Bjarnadóttir.

11. Bréf frá UST dags. 30. maí, álit v/breytinga á aðalskipulagi við Geiteyjarströnd 1.

Á fundi sveitarstjórnar 12. apríl sl. var ákveðið að leita álags Umhverfisstofnunar á hugmynd um breytingu á aðalskipulagi í landi Geiteyjarstrandar 1. Hugmyndin lítur að því að skipulagt verði ferðaþjónustusvæði undir smáhýsi rétt austan núverandi íbúðarhúss. Í umsögn Umhverfisstofnunar segir: *“Umhverfisstofnun telur að sú hugmynd að reisa nokkur smáhýsi í landi Geiteyjarstrandar 1 geti vel gengið svo vel fari. Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að ekki liggur fyrir deiliskipulag og því hefur ekki farið fram endanleg úttekt á hvernig er best að staðsetja húsin í landinu og endanlega stærð þeirra liggur ekki fyrir. Umhverfisstofnun áksilur sér því allan rétt till að koma frekar að málinu ...”* Sveitarstjórn samþykkir að halda málinu áfram þegar deiliskipulagstillaga að fyrirhuguðu ferðaþjónustusvæði liggur fyrir.

12. Bréf frá UST dags. 30. maí, umsögn v/aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulags við Dimmuborgir.

Í bréfi Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemdir við að í aðalskipulagi sé skilgreind lóð við Dimmuborgir sem stofnanasvæði, þar sem mikil þörf sé á aðstöðu þar. Hins vegar gerir stofnunin eftirfarandi athugasemd við einstök atriði tillögunar: *“Umhverfisstofnun telur óþarfa að láta stofnanalóðina ná inn á hraunjaðar til suðurs. Eðlilegra er einfaldlega að laga lóðarmörk að þeirri þörf sem er til staðar svo að ekki fari á milli mála að hraunjaðarinn verði verndaður fyrir raski sunnan til í reitnum. Hvað varðar deiliskipulagstillöguna tekur Umhverfisstofnun undir byggingaskilmála fyrir byggingarreit 1. Það er afar mikilvægt fyrir þennan stað að byggingar verði látnar aðlaga sig að landslaginu en verði ekki í andstöðu við það sem einkonar “minnisvarðar”. Því tekur Umhverfisstofnun einnig undir hluta byggingaskilmála fyrir byggingarreit 2 þ.e. að húsið standi sem minnst upp úr landslaginu og að byggingarefni skuli vera sem náttúrulegast, þ.e. grjót, torf og timbur. Umhverfisstofnun er hins vegar ekki jafnsannfærð um að vel fari að hafa hámarks mænishæð 7,5 metra eða að hafa mjög stóra glugga sem geta gefið endurskin í sólu. Á þessu svæði er engin ástæða til að láta byggingar draga athygli frá náttúrufegurð Dimmuborga og landslagi svæðisins. Leysa má útsýni með því að tryggja að bílastæði séu ekki í sjónlínu og hæð með því að grafa húsið að hluta niður. Einnig er spurning að mati Umhverfisstofnunar hvort þörf sé fyrir 2000 fermetra byggingu á þessum stað”.* Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillöguna.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.